

— *Ágrip af bræfi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kennslu tímann við prestaskólann.* — Stud. theol. Þorleifur Jónsson hafði sótt um að mega ganga undir burtfararpróf frá prestaskólanum, eptir ein s árs undirbúning þar; en ráðgjafinn segir sjer hafi eigi þótt ástæða til að fara þess á leit við hans hátígn konunginn, að sú bæn yrði veitt.

160  
4. nóvbr.

— *Bræf landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um alþingiskosningu.* — Í þóknanlegu bræfi frá 17. apríl f. á. skýrðuð þjer, herra amtmaður meðal annars frá því, að verzlunarstjóri Jón Blöndal hefði verið kosinn alþingismaður fyrir Skagafjarðarsýslu, en þjer tókuð ekki fram, að hann hefði tekið við kosningunni og sent kjörstjórninni viðurkenningu þá, er 12. grein tilsk. 8. marz 1843 mælir fyrir um. Með því að hinn kosni þingmaður gaf sig ekki fram á alþingi því, er átt var í fyrra, og heldur ekki hefir skýrt frá neinum forföllum, er hafi hamlað honum frá að koma á þingið, virðist líklegt, að hann hafi ekki viljað taka við kosningunni; og verð jeg því þjónustusamlega að skora á yður, herra amtmaður, að leita skýrslu kjörstjórans um það, hvort tjeður verzlunarstjóri Jón Blöndal hafi sent áminnsta viðurkenningu eða hafnað kosningu þeirri, er hann hafði orðið fyrir. Staðfestist líkur þær, sem eru fyrir, að þingmaðurinn hafi ekki viljað taka við kosningunni, verð jeg að skora á yður að hlutast til um, að ný kosning fari nógu tímanlega fram á öðrum alþingismanni fyrir Skagafjarðarsýslu í stað verzlunarstjóra Jóns Blöndals.

161  
25. nóvbr.

— *Ágrip af þremur bræfum landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um linun í afgangi af þjóðjörðum.* — Með bræfum þessum veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtmanns og hlutaðeigandi umboðsmanns, að undangengnum skoðunargjörðum, ábúðndum þjóðjarðanna Slýja, Eystri-Dalbæjar, Uppsala, Fagurhliðar, Eystri-Tungu, Hátúna, Þykkvabæjarklausturshjáleigu og Sauðhúsness, allra í Skaptafellssýslu, linun þá í eptirgjaldi og þóknun, er hjer greinir:

162  
19. desbr.

Einari Ólafssyni á Slýjum . . . . 25 ál., Jóni Jónssyni á Uppsölum . . . . 8 ál., og Sveini Sveinssyni á Slýjum . . . . 5 — Ólafi Ólafssyni í Fagurhlið . . . . 16 — Sigurði Sigurðssyni á Eystri-Dalbæ . . . . 20 —

um árið í 3 ár, frá fardögum 1876, og skuli gjaldið reiknað að helmingi eptir meðalverði verðlagsskrár, en helmingurinn á 8 sk. alinin. Ábúendurnir á Slýjum höfðu notið sömu landskuldar-linunar undanfarin ár, samkvæmt landshöfðingjabræfi 23. apríl 1874, sbr. dómsmálastjórnarbr. 6. jan. 1868 og 13. okt. 1870<sup>1</sup>, og sömuleiðis ábúendur Eystri-Dalbæjar, Uppsala og Fagurhliðar samkvæmt dómsmálastjórnarbr. 8. ágúst 1873<sup>1</sup>, sbr. dstjbr. 9. júlí 1870<sup>1</sup> og 24. jan. 1871<sup>1</sup>. Amtmaður hafði getið þess, að hann hefði skoðað jarðir þessar allar á embættisferð sinni um Skaptafellssýslu 1874, og litizt svo á, sem full ástæða væri til að veita ábúðndunum umgetna landskuldarlinun; hafi jörðin Slýjar þá verið að kalla gjörspillt af sandfoki. Enn fremur sjekk:

Stefán Höskuldsson á Sauðhúsnesi . . . . 20 kr. Einar Gíslason á Eystri-Tungu . . . . 5 kr. og Jón Andrjess. á Þykkvabæjarklaust.hjál. 5 — Hreiðar Bjarnason á Hátúnum . . . . 25 —

í þóknun fyrir sandmokstur af tünnum ábýlisjarða sinna, og skyldi draga fje þetta frá jarðargjöldum þeirra þetta fardagaár. Hafði fyrirhöfn Stefáns verið metin 100 dagsverk, Jóns

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III, 81, 103, 135, 649.

Ílinn 30. des. 1876.